



Til umhverfis- og samgöngunefndar

Kópavogi, 13. desember 2023
23052120/005.05 BR

Efni: Svar við fyrirspurn nefndarfulltrúa um skráningu opinna leiksvæða á vef Kópavogsbæjar

Sem svar við fyrirspurn nefndarfulltrúa um ósk um umræðu í nefndinni um að upplýsingar um opin leiksvæði verði að finna á vef Kópavogsbæjar. Upplýsingarnar ættu að vera ágætlega skrásettar í skýrslu um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi. Upplýsist hér með að:

Umrædd skýrsla, **Leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi – Yfirlit og aðgerðaáætlun vegna endurnýjunar**, dags. 21.3. 2022, tekur til allra opinna leiksvæða, boltavalla, þreksvæða og annarra afþreyingarsvæða í bænum. Skýrslan var kynnt í umhverfis- og samgöngunefnd í febrúar 2021.

Í skýrslunni er einmitt bent á mikilvægi þess að koma upplýsingum um leik- og afþreyingarsvæðin til bæjarbúa með kynningarefni á heimasíðu auk þess að setja þær á kortavef Kópavogsbæjar, en ekki hefur unnist tími til þess. Gatnadeild setti þetta verk í aðgerðaáætlun ársins 2024 og er ætlunin að þeirri vinnu ljúki fyrir næsta vor.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar